# Barnvænt samfélag

## Sýn barnsins





Sæunn Kjartansdóttir
10.11.2009

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

FÉLAG LEIKSKÓLA-KENNARA

# John Bowlby, 1973

„Vanþekking á tengslaþörf barna hefur leitt af sér rangar áherslur þar sem ungum börnum er ætlað mun meira sjálfstæði og þroski en þau hafa forsendur til.

Þetta veldur bæði börnum og foreldrum þeirra vanlíðan og kvíða sem hægt væri að hlífa þeim við“

# Mannsbarnið

- Engin nýfædd vera er jafn fullkomlega hjálparvana
- Heili ungbarns þroskast ekki af sjálfu sér
- Þroskinn er háður reynslu og aðstæðum barnsins
- Heilinn er aldrei jafn auðmótanlegur og fyrstu mánuði og ár ævinnar

# Þegar brugðist er við vanlíðan barns

- Er streitu þess haldið innan marka
- Stutt er við viðkvæmt taugakerfið
- Grunnur  er lagður að streitustjórnun
- Ónæmiskerfið styrkist
- Vöxtur er örvaður í þeim hluta heilans sem ræður færni í félagslegum samskiptum

# Viðvarandi streita ungra barna

- Skaðar mótun taugabrauta
- Veikir ónæmiskerfið
- Minnkar mótstöðuafl gegn sýkingum
- Skaðar svæði heilans sem hefur með nám og minni að gera

# Ótímabært álag á ung börn vegur að:

- Getu þeirra til að tengjast, treysta, læra, skapa og elska
- Hæfileika til að bera sig eftir björginni á heilbrigðan hátt
- Færni í að setja sig í spor annarra

# Fyrstu æviárin:

- Vex taugakerfið hraðast allra líffæra
- Er heilinn móttækilegastur fyrir ytri áhrifum
- Er lagður grunnur að tengslalmyndun til framtíðar
- **Þess vegna er svo mikilvægt að alúð sé lögð við umönnun ungra barna**

Sæunn Kjartansdóttir

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS
Heimili og skóli
Landssamtök foreldra
FÉLAG LEIKSKÓLA-KENNARA

# Af hverju
# eru foreldrarnir bestir?

- Foreldrarnir þekkja barnið yfirleitt best
- Því hafa þeir líðan þess nánast í hendi sér og veita barninu mesta öryggiskennd
- Væntumþykja er sterkasta aflið sem fær eina manneskju til að bregðast við annarri

# Einfaldar staðreyndir

- Það þarf að sinna börnum og það tekur tíma
- Fyrstu árin eru foreldrarnir yfirleitt best til þess fallnir
- Um er að ræða 2-3 ár fyrir barn af 40-50 ára starfsævi foreldris
- Stuðningur  við fjölskyldur er ekki greiði við foreldra heldur hagsmunamál fyrir allt samfélagið

# Mergur málsins

- Börn sem búa að öruggum tengslum við foreldra sína eru líklegri til að hafa sterka sjálfsmynd og samkennd með öðru fólki.
- Hvort tveggja gerir þau hæfari til að takast á við lífið og velja heilbrigðar leiðir þegar á þau reynir